

Verkefni: Stjórnarfundur Gígunnar
Dagsetning fundar: 5. júní 2014
Tímasetning fundar: kl. 20:00 - 21:45
Fundarstaður: Flétturima 35, 112 Reykjavík.

Stjórnarmenn/fundarmenn:

Þórhildur Kristjánsdóttir (ÞK)	formaður	Mætt
Dagbjört Ottósdóttir (DO)	varaformaður	Mætt
Steiney Halldórsdóttir (SH)	ritari	Mætt
Guðlaug Ásgeirsdóttir (GÁ)	gjaldkeri	Mætt
Ragnheiður Helgadóttir (RH)	meðstjórnandi	Fjarverandi
Aðalheiður Gunnarsdóttir (AG)	vefstjóri	Mætt

Fundarefni og helstu niðurstöður fundar:**1. Landsmót 2014.**

Rætt var um að félagsfundurinn á landsmótinu sem var kl. 19:30 á föstudeginum hafi ekki verið á góðum tíma. Reyndar átti fundurinn að byrja kl. 18:30 en frestaðist þangað til konur komu á staðinn. Svo virðist að kórkonur telji að þessi félagsfundur sé eins og formannafundur þ.e. að eingöngu stjórnarkonur eigi að koma. Betra er að hafa hann um hádegið þegar allar konur eru á staðnum. Á formannafundi kom upp tillaga um að á næsta landsmóti yrði stytur tíminn sem kórarnir syngja sjálfir t.d. 2 lög hver og allir kórarnir myndu syngja á sama stað jafnvel á föstudeginum ef kóramótið myndi byrja á fimmtudegi og ljúka á laugardagskvöldi, en tillaga um það kom einnig fram.

2. Landsmót 2017.

ÞK ætar að heyra í Kvkv. Ísafjarðar og segja þeim frá þessum tillögum. Einnig þarf að ræða um það við þær að þær mæti á aðalfund Gígunnar í haust og kynni stuttlega landsmótið 2017.

3. Aðalfundur.

Ákveðið var að hafa aðalfundinn 18. október kl. 14:00 til 16:00. AG ætlar að hafa samband við Domus Vox um húsnæðið á Laugaveginum. Stjórnarkonur þurfa að hafa í huga fyrirlesara eða eitthvað erindi sem er áhugavert að hafa á aðalfundinum.

4. Bréfsfni.

ÞK ætlar að tala við Grétu Ösp um að breyta hausnum á bréfsfninu og lagfæra netfang o.fl.

5. Heimasíða.

Rætt var um að það þurfi að setja upplýsingar á ensku inn á heimasíðuna. AG ætlar að fá fund í haust með aðilunum sem hýsa heimasíðuna vegna breytinga á henni. DO ætlar að

vera á bakvakt fyrir AG með póstinn hjá Gígjunni þar sem AG nær ekki alltaf að fylgjast nógu vel með póstinum og gott að tveir aðilar séu á vaktinni.

6. Norrænt samstarf.

Gígjan fékk sendan póst frá Finnlandi um stofnun á stýrihóp kvennakóra á Norðurlöndunum. Fjórar konur eru komnar í stjórn frá Finnlandi, Svíþjóð og Noregi. Áætlað er að 2 konur séu í hópnum frá hverju landi. Rætt var um hvort við ættum að fá eina konu úr stjórn Gígjunnar og einn kórstjóra. Til að byrja með verða 2 konur úr stjórn Gígjunnar fulltrúar okkar í hópnum þær Dagbjört Ottósdóttir og Guðlaug Ásgeirsdóttir. Þær ætla að sjá hvort betra sé að hafa kórstjóra með þegar starfið fer í gang og það skýrist betur um hvað starf hópsins snýst.

7. Næsti stjórnarfundur.

Ákveðið var að hittast aftur á stjórnarfundum í viku 37 sem er 7.-12. september. AG ætlar að senda einblöðung Gígjunnar á formenn kóranna og skanna nótur sem norski kórinn Vox Humana gáfu okkur og senda kórnum.

Ekki voru fleiri mál rædd á fundinum.

Fundi var slitið kl. 21:45

Ritari fundargerðar: Steiney Halldórsdóttir